B.t. Aðgerðanefndar kennarafélaganna, HÍK, fjölmiðla og alþingismanna.

Alþingi
Erindi nr. þ 120, 1274
komudagur 28/3 1996

Eftirfarandi ályktun var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á kennarafundi miðvikudaginn 28. febrúar.

Fundur kennara og trúnaðarmanna í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, miðvikudaginn 28. febrúar, krefst þess að ríkisstjórnin falli nú þegar frá áformum um að flytja frumvörp á vorþingi um breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þess krafist að fallið verði frá flutningi frumvarps til laga um sáttastörf í vinnudeilum.

Kennarar benda á að frumvarp til laga um réttindi og skyldur felur í sér afnám á flestum réttindum starfsmanna ríkisins en eykur skyldur þeirra. Frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins kveður á um skert réttindi með meiri tilkostnaði fyrir sjóðsfélaga. Frumvarp um sáttastörf í vinnudeilum felur í sér alvarlega skerðingu á samningsrétti stéttarfélaga.

Kennarar mótmæla harðlega vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar í málinu og benda á að lög um réttindi og skyldur og lífeyrisréttindi eru órjúfanlegur hluti af kjörum kennara og því einungis hægt að endurskoða þau samfara gerð nýrra kjarasamninga.

FAX:+354 5670389 PAGE 1